

## **129. fundur dómara nefndar 28. janúar kl. 18:30 að Heiðarbrún í Hafnarfirði.**

**Mættir:** Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Lárus Lúðvík Hilmarsson, Sigurbór Sævarsson.

### **Fundarefni:**

**Dómarar uppfærðir úr nema í almenna dómarar:** Anika Lind Björnsdóttir – Ármanni.

### **Næstu sundmót á vorönn 2025:**

Speedómót ÍRB 1. febrúar, Gullmót KR 14. – 16. febrúar, Garpamót Breiðabliks 28. febrúar, Ásmegin mót SH 22. – 23. mars, Vormót Ármanns 5. – 6. apríl, ÍM50 11-13. Apríl, Vormót Blika 25. – 26. apríl, IMOC 2. – 3. maí í Ásvallalaug, Hafnarfirði, Skólamatarmót ÍRB 9. – 11. maí, Flokkamót ÍF 24. – 25. maí, VIT-HIT leikarnir 30.05 – 01.06 á Akranesi, AMÍ á Akureyri 20. – 22. júní, SMÍ í Ásvallalaug, Hafnarfirði 28. – 29. júní

**Dómaranámskeið á vorönn 2025:** Reykjanesbæ 30. janúar, Gullmót KR Pálsstofu Laugardalslaug 12. febrúar, Ásmeginmót SH 19. mars, Vormót Breiðabliks 23. apríl í Kópavogi.

Samkvæmt erindisbréfi Dómara nefndar ber henni að stuðla að þátttöku dómara á mótum erlendis. Nefndin leggur því til við stjórn SSÍ að íslenskir yfirdómarar sem uppfylla skilyrði til dómgæslu á erlendum vettvangi taki þátt í eftirfarandi verkefnum árið 2025:

Smáþjóðaleikarnir 26. – 31. maí í Andorra, EMU í júlí, Evrópumót U23 í ágúst, EM 25 í desember og mögulega á Masters.

Í þessu tilliti er rétt að kalla eftir stefnu SSÍ um nýliðun alþjóðlegra yfirdómara og hvernig hægt sé að tryggja endurmenntun þeirra bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Í augnablikinu eru einungis tveir íslenskir yfirdómarar með réttindi til að dæma á alþjóðlegum mótum miðað við þann staðal sem nú er unnið eftir samkvæmt EA.

**Nýr listi WA # 23:** WA er ekki búin að staðfesta og birta WA lista #23.

Umsækjendur eru eftirfarandi:

Bergþór Heimir Hólmarsson – dómari (ný umsókn)

Ragnheiður Birna Björnsdóttir – dómari (endurnýjar umsókn)

Tómas Gísli Guðjónsson – dómari (ný umsókn)

Magnús Steinarsson – ræsir (endurnýjar umsókn)

Viktoría Gísladóttir – ræsir (ný umsókn)

### **Önnur mál:**

Ragnheiður Birna Björnsdóttir leggur fram skýrslu vegna ferðar sinnar til Serbíu í júní 2024. Dómara nefnd er að vinna að siðareglum sunddómara sem stefnt er að leggja til umræðu og samþykktar á komandi sundþingi í mars.

European Aquatics boðar til sunddómara námskeiðs sem fyrirhugað er að halda í Póllandi 21. – 23. febrúar 2025. Boðið verður uppá námskeið á staðnum eða í streymi. Dómara nefnd sendir boðsbref til íslensku dómara sem eru á alþjóðalista.

Fundi slitið kl. 22:00

Næsti nefndarfundur verður þann 18. febrúar í Pálsstofu.